

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Rétturinn lítur svo á, að reglurnar um „reassumation“ gildi eigi um fjárnám, þar sem ekki eru bein ákvæði um þetta í lögnum, og lítur rétturinn svo á, að vegna úti-vistar fjárnámsbeiðanda geti fjárnám ekki farið fram eftir hinni eldri fjárnámsbeiðni, en þar sem réttarskjal 1 verður eigi skilið öðru vísi en þess sé krafizt, að fjárnámið fari fram í framhaldi af hinni eldri fjárnámsbeiðni og samkvæmt skjölum þeim, er þá voru lögð fram, þá verður krafan um fjárnám eigi tekin til greina.

Mánudaginn 19. apríl 1937.

Nr. 70/1936. Réttvísín og valdstjórnin

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Sigurði Hannessyni (Eggert Claessen).

Smáskammtalæknir dæmdur til refsingar fyrir tilraun til fóstureyðingar og skottulækningar, en gæzluvarðhald hans látið koma í stað refsingar. Ennfremur sviptur leyfi til að stunda smáskammtalækningar.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. marz 1936: Ákærði, Sigurður Hannesson, sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði. Hann skal sviptur leyfi til að stunda smáskammtalækningar. Ennfremur greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt og 75 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda sins, hrm. Péturs Magnússonar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með upplýsingum þeim, sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega telja það sannað

í máli þessu, að ákærði hafi gert tilraun til að eyða fóstri konu þeirrar, sem í því skyni gekk til hans á tímabilinu frá 15. marz til 28. apríl 1934. Hvortveggja er, að ákærður hefir viðurkennt að hafa fyrirfram lofað barnsföður nefndrar konu að gera tilraun til að eyða fóstri því, er hún gekk með, og að aðgerðir þær, sem hann framkvæmdi við konuna, hefðu, að áliti héraðslæknisins í Reykjavík, getað leitt til fóstureyðingar. Verður og að ætla, að ákærði hafi gert sér það ljóst, að aðgerðir hans kynnu að hafa slíkar afleiðingar, því ekki er unnt, þegar til þess er litið, í hverju aðgerðirnar voru fólgnar, að taka þann framburð hans trúanlegan, að hann hafi tekizt þær á hendur í því skyni að bjarga lífi fóstursins með því að koma í veg fyrir, að konan leitaði til lækna í þeim tilgangi að fá fóstri sínu eytt. Hinsvegar virðist óvarlegt að telja það sannað, gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi, 7—8 mánuðum eftir að framannefnd tilraun reyndist árangurslaus, tekið að sér að gera tilraun til á sama hátt að eyða fóstri hinnar konunnar, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, enda er ekki unnt að staðhæfa eftir því sem framburði ákærða er háttað, að honum hafi þá verið fullkunnugt um, að nefnd kona hafi verið vanfær.

Í forsendum hins áfrýjaða dóms er það réttilega tekið fram, að ákærði, sem fengizt hafði við smáskammtalækningar frá því um síðastliðin aldamót, hafi haft rétt til þess að gefa sig við slíkri lækningastarfsemi, sbr. lög nr. 33/1911, 1. gr., sbr. 4. gr. 3. mgr. og 6. gr. 2. mgr., og lög nr. 47/1932, 22. gr. Er þá og sala hans smáskammtalyfjum vítalaus, þar eð í lögum hefir verið gert ráð fyrir slíkri sölu af hálfu smáskammtalækna frá því að sett voru lög um að-

flutningsbann á áfengi árið 1909, sbr. lög nr. 44 frá því ári, 2. gr., og samsvarandi ákvæði í síðari áfengislögum, þar á meðal lög nr. 64/1930, 2. gr. c., sem í gildi voru, þegar ákærði seldi lyf þau, er um ræðir í máli þessu, sbr. og nú lög nr. 33/1935, 10. gr. 1. Hinsvegar má fallast á þá niðurstöðu héraðsdóm- arans, að ákærði hafi með ljóslækningatilraun- um sínum farið út fyrir verksvið smáskammta- lækna.

Með framangreindum verknaði sínum hefir á- kærði gerzt sekur um brot á ákvæðum 194 gr. 2. mgr., sbr. 46. gr., hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og 15. gr. 2. tölul. laga um lækninga- leyfi o. fl., nr. 47/1932, sbr. 18. gr. sömu laga. Með skirskotun til umsagnar geðveikralæknis um and- legt heilsufar ákærða telst rétt, að refsing hans sé ákveðin með tilliti til 40. gr. hegningarlaganna. Þykir refsingin samkvæmt nefndum greinum heg- ningarlaganna og laga nr. 47/1932, og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin fang- elsí við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og svipting leyfis til að stunda smáskammtalækningar, sbr. og 22. gr. laga nr. 47/1932. En sökum þess, að ákærði var með gæzluvarðhaldsúrskurði sviptur frjálsræði sínu, meðan á rannsókn málsins stóð, frá 29. janúar 1935 til 21. júní s. á., eða samtals 144 daga, og hafður þann tíma í gæzluvarðhaldi á geð- veikrahælinu Kleppi, að visu nokkurn hluta tímans til nauðsynlegra rannsókna, en ekki sökum þess, að slæm hegðun hans gæfi tilefni til svo langvinnu gæzluvarðhalds, þá þykir mega ákveða, samkvæmt 59. gr. hegningarlaganna, að gæzluvarðhald ákærða komi í stað fangelsisrefsinga hans.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakar-

kostnaðar í héraði ber að staðfesta. Svo verður og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Það athugast við rannsókn málsins, að rannsóknardómarinn tilnefndi ekki, eins og honum bar að gera þegar í upphafi rannsóknarinnar, 2 hæfa lækna til þess að skoða nákvæmlega lækningatæki ákærða, og þó einkum það tæki, sem hann hafði notað við grunaðar fóstureyðingartilraunir, og til að láta uppi álit sitt um nothæfni tækisins til framkvæmdar slíks afbrots. Svo var ákærði og ekki spurður nægilega ýtarlega um það í upphafi rannsóknarinnar, hvað hann héldi sjálfur um áhrif tækisins að þessu leyti. Þá hefir ekki verið aflað upplýsinga um það, hvort konur þær, sem um ræðir í málinu, hafi haft sjúkdóma þá, er ákærður taldi þær hafa.

Því dæmist rétt vera:

Gæzluvarðhald ákærða, Sigurðar Hannesar, komi í stað fangelsisrefsingar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu leyfis til að stunda smáskammtalækningar og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 150 krónur til hvors.

henni um, þótt slíkt verði aldrei sannað með fullri vissu.

Með framburði konu þeirrar, er að framan greinir, að leitað hafi til ákærða í marz og apríl 1934, svo og með framburði barnsföður þeirrar konu og játningu ákærða er það sannað, að ákærði hafi tekið að sér að eyða fóstri konunnar. Það verður og, þrátt fyrir undanfærslur ákærða og vífilengjur, að ganga út frá því, að meðferð hans á konunni hafi verið alvarlega meint tilraun frá hans hendi til þess að eyða fóstroinu. En með hliðsjón af því, að það þannig má telja sannað, að ákærði hafi þarna gert tilraun til fóstureyðingar, þá þykir og verða að telja það sannað með eiðfestum framburði stúlkunnar Önnu Ísleifsdóttur, að ákærði hafi einnig gert tilraun til að eyða fóstri hennar á þann hátt, sem hún hefir borið.

Varða þessi afbrot ákærða því við 194. gr. 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. 46. grein sömu laga.

Þá ber að líta á það, hvort ákærði hafi haft leyfi til smáskammtalækninga. Landlæknir hefir undir rekstri málsins upplýst það, að hvorki hafi ákærði sótt um eða fengið leyfi til neinnar lækningastarfsemi samkvæmt lögum nr. 47 frá 1932. Það er hinsvegar upplýst með framburði ákærða fyrir réttinum og kemur greinilega fram í álitserð dr. Helga Tómassonar, að ákærði byrjaði að stunda smáskammtalækningar kring um síðustu aldamót, og hefir að einhverju leyti fengið við þær fram til þess tíma, að mál þetta kom upp. Það verður ekki séð, að lögín um lækningaleyfi nr. 38, 11. júlí 1911 geri ráð fyrir því, að leyfi þurfi til smáskammtalækninga. En í 22. grein laga nr. 47, 23. júní 1932 segir, að ákvæði laganna um veitingu lækningaleyfis nái ekki til þeirra, sem lækningarétt hafa eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögín ganga í gildi. Það verður því samkvæmt þessu að telja, að ákærði hafi haft leyfi til að stunda smáskammtalækningar og hann hafi ekki gerzt brotlegur við lög með því einu, að stunda slíkar lækningar eftir gildistöku laga nr. 47, 23. júní 1932. En hinsvegar lítur rétturinn svo á, að ákærði hafi farið

út fyrir verksvið sitt sem smáskammtalæknir með lækningatilraunum þeim, sem að framan er lýst, eftir því sem smáskammtalækningar hafa tíðkapt hér á landi eða almennt er skilið við smáskammtalækningar, og varðar það við 15. gr. 2. mgr. laga nr. 47 frá 1932, sbr. 18. gr. sömu laga, og verður því að svipta hann leyfi til að stunda smáskammtalækningar.

Svo sem fyrr segir, var ákærði á Nýja Kleppi til rannsóknar hjá dr. Helga Tómassyni. Niðurstaða doktorsins um ákærðan er á þessa leið: „Hann er ekki fáviti, en geðveikur að (sic) vægu stigi, haldinn af svonefndri *dementia senilis*. Auk þess hefir hann kroniskan hryggsjúkdóm, (spondylitis) og *kroniskan bronchitis*. Þó hann sennilega hafi aldrei rist vitsmunalega nema grunnt, þá virðist þó nú áberandi *almenn sljóvgun* hjá honum, sem lýsir sér í athyglis- og minnisbilun, einkum þó bilandi næmi, svo og minnkuðum andlegum hömlum, hvað snertir almennt vel-sæmi í orðum og athöfnum, samfara þessu er *aukið sjálfs-álit* og *liflegar kynfýsnir*, en sennilega án tilsvarendi getu, vegna almennrar líkamlegrar hrörnunar og yfirleitt lítið *maskulin kynmerkja*.

Hann getur tæplega talizt sakhæfur eða fær um að taka út refsingu, þó auðvitað verði starfsemi hans stöðvuð. Hann væri sennilega bezt kominn á fámennu heimili, þar sem eingöngu væri fullorðið fólk, sem vissi, hvernig ástatt væri með hann og hlypi ekki eftir sögum hans eða ráðleggingum.“

Hið andlega ástand, sem geðveikralæknirinn hefir þannig lýst, þykir eigi þess eðlis, að það eigi að undanþiggja hann refsingu samkvæmt 39. gr. hegningarlaga, né heldur verða honum til refsilækkunar samkvæmt 40. gr. sömu laga. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 8 mánuði.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt og 75 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda sins hér í réttinum, hrm. Péturs Magnússonar.

Á uppsögn dóms þessa hefir orðið nokkur dráttur, sem stafar af annriki dómarans.
